

*Laugalandsskóli í Holtum*  
*Sjálfsmatsskýrsla 7. hluti*  
*September 2012*



*Tengsl heimila og skóla*  
*nefndarmenn og foreldrar*

*Hulda Brynjólfsdóttir*

## Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i> .....	2
<i>Niðurstöður, nefndarmenn</i> .....	3
<i>Samantekt, nefndarmenn</i> .....	5
<i>Niðurstöður, foreldrar</i> .....	6
<i>Samantekt foreldrar</i> .....	8
<i>Umboetur:</i> .....	9
<i>Lokaorð:</i> .....	9
<i>Spurningalisti til nefndarmanna</i> .....	10
<i>Spurningalisti til foreldra</i> .....	13
<i>Tiðnitöflur nefndarmanna</i> .....	16
<i>Tiðnitöflur foreldra</i> .....	20

# *Sjálfsmat Laugalandsskóla. - Tengsl heimila og skóla.*

---

## *Inngangur.*

**Sjálfsmat** er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 2011 þarf innra mat skólans að vera *altækt* (þ.e. að ná til allra þátta skólastarfsins), *formlegt* (þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum) *áreiðanlegt* (þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum), *samstarfsmiðað* (þ.e. allir sem starfa við skólann þurfa að koma að matinu), *umbótamiðað* (áætlanir um umbætur byggðar á matinu þurfa að koma fram, *stofnana og einstaklingsmiðað* (þ.e. taka þarf bæði til skólans í heild og til þeirra sem þar vinna), en auk þess *lýsandi, greinandi og opinbert*.

( <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/nr/6226> )

Allt eru þetta mikilvægir þættir til að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfinu. Ef aðferðir og vinnsla slíks mats eru skilvirkar er það ákjósanleg aðferð til að styrkja og bæta skólastarfið. Voru allir þessir þættir hafðir í huga við gerð sjálfmatsins 2011-2012.

Til að fylgja þessum reglum Aðalnámskrár þarf stöðugt að fylgjast með innra starfi skólans. Við teljum það best gert með könnunum og fyrirspurnum til þeirra sem að skólastarfinu koma og hafa eitthvað um það að segja sem verið er að kanna hverju sinni. Kannanirnar þurfa að vera leynilegar og miða að því að finna leiðir til úrbóta við hvern hluta skólastarfsins sem kannaður er hverju sinni.

Mikilvægt er að sem flestir svari könnuninni og eins er ákaflega gott ef fólk er duglegt að setja athugasemdir, hvort sem eru jákvæðar eða neikvæðar, en þá fyrst er hægt að bregðast við og bæta úr, ef fram kemur hvað það er sem er athugavert. Það er líka alltaf gott að fá klapp á bakið og jákvæðar athugasemdir gefur vísbendingar um að verið sé að gera eitthvað gott og þá er unnt að halda áfram á þeirri braut.

Gott og náið samstarf heimila og skóla er meðal annars talið stuðla að því að nemendur leggi sig betur fram við námið og jákvæðara viðhorfi nemenda til skólans almennt. Gott er að fylgjast með því hvernig skólasamfélagið telur sig upplifa samskipti sín við skólann og þess vegna var ákveðið að leggja könnun fyrir samfélagið um það.

Könnunin var lögð fyrir að vori 2012 og send til allra foreldra við skólann, en einnig til nefndarmanna í Skólaráði, Foreldrafélagi skólans og Fræðslunefnd.

Allir nefndarmenn fengu könnunina til sín með pósti, en nemendur komu könnuninni til foreldra sinna ásamt umslagi sem mátti setja í póst eða senda til baka með nemandanum. Þegar sýnt var að þau gögn sem myndu skila sér höfðu gert það, voru umslögin opnuð, stokkuð og slegin inn í gagnagrunninn SPSS, sem reiknaði út úr niðurstöðunum. Unnið var úr niðurstöðum um haustið og þessi skýrsla unnin út frá þeim upplýsingum.

Sumar spurningarnar voru í nokkrum liðum, en aðrar voru með einum svarmöguleika.

Við skulum kíkja á hvernig þessar kannanir komu út, fyrst hjá nefndarmönnum og síðan hjá foreldrum og bera saman ef þurfa þykir.

## Niðurstöður.

### Nefndarmenn

Könnunin (fylgiskjal 1) var send til nefndarmanna sem sitja í nefndum og ráðum í skólasamfélaginu. Þetta eru skólaráð, foreldrafélagið og fræðslunefnd. Sautján nefndarmenn fengu könnunina senda heim og sendu 10 svör sín til baka og er það 59% svörun, sem er þokkalegt svarhlutfall. Fleiri konur en karlar svöruðu könnuninni og flestir eru fæddir á árunum 1950-1959. Þá eiga nákvæmlega helmingur þeirra sem svara börn í skólanum, en hinn helmingurinn ekki.


Ef við skoðum hverja spurningu fyrir sig, kemur í ljós að helmingur þeirra sem svara segjast þekkja skólastarfið á Laugalandi mjög vel, 30% frekar vel og 20% í meðallagi vel.

Næst er spurt um hversu ánægðir viðkomandi eru með upplýsingaflæðið til skólasamfélagsins og svara 40% að þeir séu mjög ánægðir en 60% eru frekar ánægðir.

Þá var spurt hvort Skólalykill skólans þætti gefa fullnægjandi upplýsingar og skiptust svörin til helminga í mjög fullnægjandi og frekar fullnægjandi.

50% svarenda sögðust lesa Skólalykilinn frekar lítið og 10% mjög lítið, en 40% svöruðu efstu tveimur möguleikunum. Allir lesa hann þó eitthvað og þegar spurt var hvað þeir skoðuðu þar helst voru 8 sem sögðust skoða símaskrána og 6 sögðust skoða skólareglurnar, eineltisáætlunina og upplýsingar um bókasafn, mötuneyti og heilsugæslu.

Spurning 9 var um hversu oft nefndarmenn færu inn á heimasíðu Laugalandsskóla og möguleikarnir voru stígandi, þannig að það var í boði að merkja við allt frá aldrei og upp í daglega. Þeir sem merktu við aldrei áttu síðan að hlaupa yfir spurningu 10 og 11. En enginn merkti við aldrei. Við skulum skoða þetta svar í skífuriti (mynd 1)



mynd 1



mynd 2

Þarna má sjá skiptinguna og má segja að heimsóknir nefndarmanna á síðu skólans mættu vera fleiri. Þegar spurt er hvort þeim þyki heimasíðan góð eða slæm svarar einn að honum þyki hún mjög góð, 3 frekar góð, fimm segja hana í meðallagi og einn segir hana frekar slæma. (mynd 2)

Þá var spurt hvað þeir skoðuðu helst á heimasíðunni og sagðist 1 skoða kennsluáætlanir, 5 skoða fréttabréfið, 3 skóladagatalið, og 2 myndasíðurnar.


Fréttapósturinn Stafurinn er gefinn út að minnsta kosti annan hvern mánuð, hann er sendur á hvert heimili í sveitarfélögunum sem koma að rekstri skólans, til sveitarstjórnarskrifstofanna og í grunnskólann á Hellu, auk þess að vera sendur til þeirra í fræðslunefnd sem búa utan sveitarfélaganna tveggja. Spurt var hvort nefndarmenn læsu Stafinn og sögðust 90% lesa hann mjög oft, en 10% frekar oft, þannig að segja má að Stafurinn sé sá miðill sem fær mesta athygli nefndarmanna. Spurt var hvort upplýsingar sem

kæmu fram í Stafnum nýttust nefndarmönnum oft eða sjaldan og sögðu 60% þær nýttast mjög oft og 20% frekar oft, en 20% sögðu þær nýttast þeim frekar sjaldan.

Spurning 14 spyr hvort nefndarmönnum þyki starf skólaráðs mikilvægt eða léttvægt og kemur þá í ljós að 10% svarenda þyki þau störf hvorki mikilvæg né léttvæg, 50% þykja þau frekar mikilvæg og 40% þykja þau mjög mikilvæg. Hvað foreldrafélagið varðar, finnst 70% svarenda þau mjög mikilvæg og 30% frekar mikilvæg.

Þá var spurt hversu oft svarendur sæktu skemmtanir og/eða fyrirlestra sem foreldrafélagið stendur fyrir. Svörin skiptust á eftirfarandi máta:

a. jólabingó (mynd 3) b. páskabingó (mynd 4) c. skemmtun sumardagsins fyrsta (mynd 5) d. fræðslufundi / fyrirlestra (mynd 6)




mynd 3



mynd 4



mynd 5



mynd 6

Ekki eiga allir nefndarmenn barn í skólanum og því ekki óeðlilegt að einhverjir nefndarmanna mæti aldrei á það sem boðið er upp á af foreldrafélaginu, þar sem þær uppkomur eru ætlaðar fyrir börn skólans og foreldra þeirra ásamt gestum. Þegar einstök svör eru skoðuð má sjá að allir nefndarmenn mæta einhverntíma á eitthvað, þó þeir mæti ekki alltaf á allt.

Foreldradagur er haldinn í skólanum tvisvar sinnum á hverjum vetri. Þá eru allir foreldrar boðaðir í viðtal til umsjónarkennara barna þeirra og farið yfir námsframvindu og skólaástandun þeirra, líðan, hegðun og ef það er eitthvað sem barn eða foreldri vill koma á framfæri. Færi gefst á að ræða við aðra kennara skólans um leið og foreldrar hafa rætt við umsjónarkennarann og eru einhverjir sem nýta sér það.

Spurningunni um hvort nefndarmönnum þætti þessi dagur mikilvægur eða léttvægur, svöruðu 100% þeirra að þeim þætti dagurinn mjög mikilvægur.

Nemendur og kennarar standa fyrir tveimur leiksýningum á hverjum vetri, þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið að koma og horfa á framgöngu barnanna. Þetta eru annars vegar litlu jólin og hins vegar árshátíð skólans. Spurt var hvenær nefndarmönnum þætti best að koma og horfa á þessar sýningar og svaraði 1 að kl. 14:00 hentaði sér best, 3 sögðu að kl. 20:00 væri heppilegast, en 5 sögðu að það skipti þá engu máli.

Að lokum var svo spurt hvort nefndarmenn væru ánægðir eða óánægðir með fasta viðtalstíma kennara og svöruðu 5 að þeir væru mjög ánægðir með þá, 3 að þeir væru frekar ánægðir og 2 merktu við „bæði og“ möguleikann.

## *Samantekt nefndarmenn*

Í heild má segja að svör nefndarmanna séu jákvæð og ánægjulegt að sjá hversu vel þeir fylgjast með starfi skólans, fara á uppákomur sem haldnar eru í skólanum, hvort sem er af foreldrum eða skólanum sjálfum og að viðhorf þeirra til skólans er almennt jákvætt.

Athygli vakti að enginn nefndarmaður merkti við að hafa lesið sjálfsmatskýrslurnar á heimasíðu skólans. En þó er það ef til vill fullkomlega eðlilegt, þar sem fundur er haldinn með öllum nefndarmönnum og farið ítarlega yfir hverja skýrslu áður en hún birtist á netinu og eru þær nefndarmönnum því vel kunnugar.

Nefndarmenn eru þeir sem hafa verið kjörnir til trúnaðarstarfa af skólasamfélaginu fyrir skólann og þá kannski fyrst og fremst fyrir nemendur og heimilin. Að viðhorf þeirra og samskipti við skólann sé á góðum og jákvæðum nótum hlýtur að teljast mikilvægt og því ánægjulegt að sjá að svo er.

## Foreldrar


Næst skulum við skoða svör foreldra.

Könnunin var send heim með nemendum á hvert heimili sem á barn (börn) við skólann. Könnuninni fylgdi umslag sem hægt var að senda endurgjaldslaust til baka með póstinum, en einnig nýttu sér það nokkrir að senda svarið til baka í skólann með barninu. Þegar sýnt þótti að ekki bærust fleiri svör voru umslögin opnuð og svörin slegin inn í SPSS-forritið sem reiknaði út niðurstöðurnar.

Könnunin fór á 54 heimili og svöruðu 35 foreldri; 31 kona og 4 karlar. Það eru rétt tæp 64% svarhlutfall og verður að teljast ásættanlegt, þó svo að ákjósanlegt hefði verið að fá hærra svarhlutfall. Flestir svarenda eru fæddir á áratugnum milli 1950 – 1959 eða 57% og 31% svarenda er fætt á áratugnum á eftir 1960-1969.

Þegar spurt var hvort foreldrar þekktu skólastarfið á Laugalandi vel eða illa, svöruðu 45.7% að þeir þekktu það mjög vel, 51,4% að þeir þekktu það frekar vel og rétt tæp 3% að þeir þekktu það í meðallagi vel.

Næst var spurt hvernig foreldrum þætti heimanámið og voru möguleikarnir sem hægt var að merkja við eftirfarandi; mjög mikið, frekar mikið, hæfilegt, frekar lítið og mjög lítið. Aðeins einn sagði að heimanám væri mjög mikið og einnig sagði einn að það væri mjög lítið. Fjórum, eða 11,4% þykir það frekar lítið, en 29 sem samsvarar tæpum 83% telja heimanám vera hæfilegt.



mynd 7



mynd 8

Á mynd 7 má sjá svör foreldra við spurningunni um hversu ánægðir þeir eru með upplýsingaflæðið frá skólanum til heimilanna. 31,4% segjast mjög ánægðir með upplýsingarnar sem þeir fá, tæp 46% eru frekar ánægðir og 17% eru í meðallagi ánægðir með þessa þjónustu. Rétt tæp 6% eru svo mjög óánægðir með hveru mikið af upplýsingum berast frá skóla til heimilanna.

Skólalýkillinn geymir upplýsingar um starfsfólk, nemendur, skólareglur, viðbrögð við einelti og fleira í þeim dúr. Spurt var hvort foreldrum þætti hann gefa fullnægjandi eða ófullnægjandi upplýsingar. Niðurstöður þeirra svara má sjá á mynd 8, en þar kemur fram að rétt tæp 86% svara að upplýsingarnar séu fyrir ofan meðallag og 11,4% segja þær í meðallagi á meðan 2,9% finnst þær frekar ófullnægjandi.

Þá var í framhaldi af þessari spurningu spurt hvort foreldrar læsu mikið eða lítið í Skólalýklinum og svöruðu 20% að þeir læsu hann mjög mikið, 31% frekar mikið, 34% í meðallagi, 11% frekar lítið og 3% mjög lítið.

Einnig var spurt hvað væri helst lesið og þá sögðust 30 lesa símaskrá nemenda og starfsmanna, 18 sögðust lesa skólareglur skólans, 15 lesa eineltisáætlunina, 18 lesa upplýsingar um bókasafn, mötuneyti og heilsugæslu og 5 lesa annað en það sem áður er talið.

Þegar spurt var hversu oft foreldrar færu inn á heimasíðu Laugalandsskóla kom í ljós að tveir fóru þar inn daglega, einn fer tvisvar – þrisvar í viku og sex fara vikulega. Þá fara níu foreldrar tvisvar – þrisvar í mánuði, á meðan sjö fara mánaðarlega. En sjö sögðust fara sjaldnar og þrír fara aldrei inn á heimasíðu skólans. Þeir sem svöruðu aldrei í þessari spurningu áttu að hoppa yfir næstu tvær.

Í spurningu 10 var spurt um hvernig heimasíðan þætti og svöruðu 54,5% að hún væri yfir meðallagi góð og 31,4% að hún væri í meðallagi góð, en fjórir eða 11% sögðu hana frekar slæma. Tveir sögðu ekki álit sitt á henni. Þegar svo spurt var hvað fólk skoðaði á heimasíðunni sögðust ellefu skoða kennsluáætlanir, átta skoða fréttabréfið, tíu skoða skólalagatalið, tveir skoða myndasíðurnar og sjö skoða sjálfsmatið á meðan einn skoðar annað sem á heimasíðunni má finna. Tveir svöruðu ekki þessari spurningu.

Námfús (namfus.is) er skráningar- og samskiptasíða fyrir skóla og heimili. Þar skráir starfsfólk skólans mætingu, ástundun, námsframfarir, vitnisburði og fleira sem tengist nemendum og foreldrar hafa aðgang að stundaskrá barna sinna, auk þess að geta séð hvort heimanám hefur verið lagt fyrir eða einhver uppákoma er framundan. Þar er einnig hægt að senda póst og svara pósti. Skólinn byrjaði að nota þessa síðu á síðasta vetri og er aðeins mismunandi hversu virkir kennarar eru á síðunni þar sem þeir eru enn að læra að nota hana, auk þess sem hönnuður síðunnar er enn að vinna að verkfærum hennar.

Spurt var hversu oft foreldrar færu inn á namfus.is og sögðust tveir fara þar inn daglega. Einn fer tvisvar – þrisvar og tveir vikulega. Þrír fara tvisvar-þrisvar í mánuði og fimm mánaðarlega. Sjö sögðust fara sjaldnar og 15 fara aldrei inn á námfús. Þeir sem svöruðu aldrei áttu næst að svara spurningu 14.

Spurning 13 innti eftir hvað væri helst skoðað á namfus.is og sögðust sex skoða ástundun barna sinna, sjö skoða vitnisburðinn, sex heimanámið, tólf skoða póstinn, sjö stundatöfluna og einn skoðar annað sem hægt er að skoða.

Þá var spurt um fréttabréfið Stafinn og hversu oft /sjaldan foreldrar lesa hann. Tuttugu og sex eða 74,3% sögðust skoða hann mjög oft, 5 sögðust skoða hann frekar oft, en 4 skoða hann í meðallagi oft eða sjaldnar.

Hvernig nýtast upplýsingar í Stafnum? var spurt næst og svaraði tuttugu og eitt foreldri eða 66% að þær nýttust mjög vel, átta eða 23% sögðu þær nýtast frekar vel, einn sagði þær í meðallagi gagnlegar og tveir sögðu þær nýtast frekar illa, en þrír sögðu þær nýtast mjög illa.

Næst var spurt um hvort foreldrum þætti starf skólaráðs mikilvægt eða léttvægt og svöruðu 48,6% að þeim þætti störf þeirra mjög mikilvæg, 37% sögðu frekar mikilvæg og 14,3% sögðu þau í meðallagi mikilvæg. Sömuleiðis var spurt um störf foreldrafélagsins og sögðu 51,4% þau mjög mikilvæg, 37,1% sögðu þau frekar mikilvæg og 8,6% sögðu þau í meðallagi mikilvæg. Eitt foreldri, eða 2,9% sagði að sér þætti störf foreldrafélagsins frekar léttvæg.

Spurningin sem fylgdi á eftir innti eftir hversu oft foreldrar mættu á skemmtanir foreldrafélagsins og röðuðust svörin eins og sjá má á myndum 9-12:



mynd 9




mynd 10





mynd 11



mynd 12

Á þessum myndum má sjá að bingóin eru vinsæl og góð mæting á þau, en heldur minni mæting er á skemmtun sumardagsins fyrsta og fræðslufundi og/eða fyrirlestra.

Þegar spurt var hvort foreldrum þætti foreldradagur skólans mikilvægur eða léttvægur, sögðu 66,7% að þeim þætti hann mjög mikilvægur, 30,3% þykir hann frekar mikilvægur og einn eða 2,9% segir hann í meðallagi mikilvægur, en tveir svöruðu spurningunni ekki. Í framhaldi af því var spurt hversu oft fólki finndist hann eiga að vera og sögðust 9,4% vilja hafa hann einu sinni á ári, 81,3% tvisvar á ári, 6,3% vilja hafa hann þrisvar á ári og 3% vill hafa hann fjórum sinnum á ári. Tveir svöruðu spurningunni ekki.

Fyrir jólin er ávallt einn dagur sem notaður er til að leyfa nemendum að föndra og skreyta í kring um sig. Þá er farið á milli stöðva og ólík efni notuð við föndrið. Meðal annars er börnunum boðið að skera út laufabrauð og fá það steikt með sér heim. Foreldrum barna í 1.-4. bekk er þennan dag boðið að koma í skólann og föndra með börnum sínum. Spurt var hvort foreldrum þætti mikilvægt að fá að taka þátt í jólföndri nemenda skólans. Svörin skiptust þannig að 33,3% finnst það mjög mikilvægt og sömuleiðis 33,3% frekar mikilvægt. Sjö foreldrum eða 21,2% þykir það hvorki mikilvægt né léttvægt, en 6,1% þykir það frekar léttvægt og 6,1% mjög léttvægt. Tveir svöruðu ekki spurningunni.

Þá var spurt hvaða tími hentaði foreldrum best til að sjá skemmtanir barna sinna og svöruðu 39,4% að þeim hentaði kvöldtíminn (kl. 20:00) best, 24% sögðu tímann ekki skipta máli. En einn vildi vera kl. 10:00 að morgni, fjórir (12,1%) sögðu 14:00 og sjö (21,2%) töldu kaffitímann (16:00) heppilegastan. Tveir svöruðu ekki þessari spurningu.

Að lokum var spurt hversu ánægðir eða óánægðir foreldrar væru með fastan viðalstíma kennara og sögðust 51,5% vera mjög ánægðir með hann og 24,2% frekar ánægðir. 24,2% voru hlutlausir en 2 svöruðu spurningunni ekki.

## *Samantekt foreldrar*

Þegar niðurstöður úr svörum foreldra eru skoðaðar þykir sýnt að þeir séu almennt jákvæðir í garð skólans og virkir þátttakendur í námi og starfi barna sinna. Þeir fylgjast almennt vel með og eru vel upplýstir um það sem er að gerast í skólanum þeirra.

Þetta er vissulega jákvætt, en styður jafnframt þær niðurstöður sem hafa komið fram í rannsóknum sem sýna fram á að gott samstarf heimila og skóla skili sér í betri námsárangri nemenda, jákvæðara hugarfari þeirra til skólans og almennri vellíðan við nám og störf í skólanum. Þetta endurspeglast í þeim líðunar-könnunum sem gerðar hafa verið í skólanum, þar sem fram kemur að nemendum líður almennt mjög vel og eru ánægðir í skólanum. Þá sýna niðurstöður samræmdra prófa að nemendur við Laugalandsskóla eru að standa sig vel þegar kemur að því námsmati.

## Umbætur

Ef við setjum umbótagleraugun upp og skoðum niðurstöður, er ljóst að þó að margt sé vel gert af skólans hálfu varðandi upplýsingaflæði til skólasamfélagsins er hægt að gera betur – og þarf að gera betur. Þetta á einkum við um skólalýkilinn og heimasíðu skólans. Það er hins vegar ekki jafnljóst hvað þarf að bæta. Spurningarnar veita ekki svör við því hvað það er nákvæmlega sem „nefndarmönnum“ og foreldrum finnst vanta upp á eða mætti betur fara. Til að komast að því þyrfti að spyrja sérstaklega um slíkt og kannski ástæða til að bæta við spurningum þar að lútandi í næstu könnun sem lögð verður fyrir um þetta efni.

Hafist hefur verið handa við að endurskoða Skólalýkilinn með hliðsjón af áherslum í nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla. Flestar þær upplýsingar sem lykillinn hefur að geyma verða þar áfram en nýjum upplýsingum bætt við og einhverjar breytingar gerðar á uppsetningu og innihaldi lykilsins. Áætlað er að þessum breytingum verði lokið fyrir næsta skólaár.

Heimasíða skólans hefur þegar verið endurhönnuð og henni breytt til hins betra hvað útlit og aðgengi að upplýsingum áhrærir. Þar eru nemendur skólans með svæði sem heitir „pistill vikunnar“ og spreyta nemendur sig í því að vera pistlahöfundar og segja frá því helsta sem gerðist í þeirra bekk í viku hverri.

Næsta skref er síðan að afla upplýsinga um hvað það er sem skólasamfélagið gæti helst hugsað sér að birt yrði á heimasíðunni til viðbótar við það sem fyrir er og ráðast í breytingar á innihaldi síðunnar samkvæmt því.

## Lokaorð

Skólinn er staður sem sinnir námi og fræðslu æsku þessa lands. Þar fer fram stór þáttur af almennu uppeldi hvers einstaklings og því mikil ábyrgð sem hvílir á herðum hvers kennara.

Markmið hvers og eins hlýtur að vera að ala upp sjálfstæðan einstakling með sterka sjálfsmynd og skýra rökhugsun. Hann þarf að kunna að bera ábyrgð á sjálfum sér og sínu lífi og heilsu og vera tilbúinn að mæta þeim ögrunum sem lífið hefur upp á að bjóða ásamt því að bera virðingu fyrir sjálfum sér, umhverfi sínu og öðru fólki í samfélagi sínu. Hann þarf einnig að geta rökstutt skoðanir sínar og verið opinn fyrir ólíkum skoðunum en sínum eigin og tekist á við ólíkar hefðir, siði og venjur í öðrum samfélögum.

Allt þetta speglast í samskiptum og tengslum skólans og skólasamfélagsins. Allir koma að uppeldi barna á einn eða annan hátt og hver einstaklingur mótast af umhverfi sínu og samfélagi sínu. Það er mjög mikilvægt að samskipti heimila og skóla sé opið, skilvirkt og jákvætt til að hægt sé að sameinast um þetta uppeldi og leysa það sem best af hendi. Því er mikilvægt að þessi samskipti séu góð. Að upplýsingar komist réttar boðleiðir og að fólk leiti eftir upplýsingum ef þær vantar.

Það er skólans að koma upplýsingum til foreldra og skólasamfélags sem á erindi til þeirra. Ungir nemendur eru fljótir að gleyma í dagsins önn og því þarf að styðja við upplýsingaflutning til þeirra heimila með ýmsu móti. Það er gert með vikulegum skólapóstum og einstöku tölvupóstsendingum.

Þegar nemendur eldast færast ábyrgðin meira í þeirra hendur að koma upplýsingum heim um hvað er að gerast í þeirra bekk og ábyrgðin á heimanámi er sömuleiðis lögð á þeirra herðar. Þetta er gert til að efla vitund þeirra og sjálfstæða hugsun.

Að láta börn bera ábyrgð og sýna þeim að þeim sé treyst fyrir ábyrgðarmiklum verkum styrkir sjálfsmynd þeirra.



## Spurningalisti - nefndarmenn

<b>1. Ert þú karl eða kona ?</b>  <input type="checkbox"/> Karl <input type="checkbox"/> Kona	<b>2. Á hvaða árabili ert þú fædd/ur ?</b>  <input type="checkbox"/> 1940 - 1949 <input type="checkbox"/> 1950 - 1959 <input type="checkbox"/> 1960 - 1969 <input type="checkbox"/> 1970 - 1979 <input type="checkbox"/> 1980 - 1989
<b>3. Átt þú barn í skólanum?</b>  <input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> nei <input type="checkbox"/>	<b>4. Hvernig þekkir þú skólastarfið á Laugalandi ?</b>  <input type="checkbox"/> Mjög vel <input type="checkbox"/> Frekar vel <input type="checkbox"/> Bæði og <input type="checkbox"/> Frekar illa <input type="checkbox"/> Mjög illa
<b>5. Hversu ánægð/ur ert þú með upplýsingaflæðið til skólasamfélagsins?</b>  <input type="checkbox"/> Mjög ánægð/ur <input type="checkbox"/> Frekar ánægð/ur <input type="checkbox"/> Hvorki né <input type="checkbox"/> Frekar óánægð/ur <input type="checkbox"/> Mjög óánægð/ur	<b>6. Gefur Skólalykill skólans fullnægjandi eða ófullnægjandi upplýsingar ?</b>  <input type="checkbox"/> Mjög fullnægjandi <input type="checkbox"/> Frekar fullnægjandi <input type="checkbox"/> Bæði og <input type="checkbox"/> Frekar ófullnægjandi <input type="checkbox"/> Mjög ófullnægjandi
<b>7. Lest þú mikið/lítið í Skólalykli skólans ?</b>  <input type="checkbox"/> Mjög mikið <input type="checkbox"/> Frekar mikið <input type="checkbox"/> Bæði og <input type="checkbox"/> Frekar lítið <input type="checkbox"/> Mjög lítið	<b>8. Hvað lest þú í Skólalyklinum af almennum upplýsingum ?</b>  <input type="checkbox"/> Símaskrá nemenda og starfsmanna <input type="checkbox"/> Skólareglur skólans <input type="checkbox"/> Eineltisáætlun skólans <input type="checkbox"/> Upplýsingar um bókasafn, mötuneyti og heilsugæslu <input type="checkbox"/> Annað (hvað) _____
<b>9. Hversu oft ferð þú inn á heimasíðu Laugalandsskóla ?</b>  <input type="checkbox"/> Daglega <input type="checkbox"/> Tvisvar - þrisvar í viku <input type="checkbox"/> Vikulega <input type="checkbox"/> Tvisvar - þrisvar í mánuði <input type="checkbox"/> Mánaðarlega <input type="checkbox"/> Sjaldnar <input type="checkbox"/> Aldrei	<b>10. Finnst þér heimasíða Laugalandsskóla góð eða slæm ?</b>  <input type="checkbox"/> Mjög góð <input type="checkbox"/> Frekar góð <input type="checkbox"/> Hvorki né <input type="checkbox"/> Frekar slæm <input type="checkbox"/> Mjög slæm

Þeir sem merkja við aldrei í spurningu 9, svari næst spurningu 12.

<p><b>11. Hvað skoðar þú helst á heimasíðu Laugalandsskóla ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Kennsluáætlanir</li> <li><input type="checkbox"/> Fréttabréf</li> <li><input type="checkbox"/> Skóladagatal</li> <li><input type="checkbox"/> Skólareglur</li> <li><input type="checkbox"/> Myndasíður</li> <li><input type="checkbox"/> Sjálfsmat</li> <li><input type="checkbox"/> Annað hvað: _____</li> </ul>	<p><b>12. Lest þú fréttabréfið Stafinn, sem sendur er á hvert heimili, oft/sjaldan ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Mjög oft</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar oft</li> <li><input type="checkbox"/> Bæði og</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar sjaldan</li> <li><input type="checkbox"/> Mjög sjaldan</li> </ul>
<p><b>13. Nýtast upplýsingar í fréttabréfinu Stafnum oft/sjaldan ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Mjög oft</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar oft</li> <li><input type="checkbox"/> Veit ekki</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar sjaldan</li> <li><input type="checkbox"/> Mjög sjaldan</li> </ul>	<p><b>14. Er starf skólaráðs mikilvægt eða léttvægt ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Mjög mikilvægt</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar mikilvægt</li> <li><input type="checkbox"/> Hvorki né</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar léttvægt</li> <li><input type="checkbox"/> Mjög léttvægt</li> </ul>
<p><b>15. Er starf foreldrafélagsins mikilvægt eða léttvægt ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Mjög mikilvægt</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar mikilvægt</li> <li><input type="checkbox"/> Hvorki né</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar léttvægt</li> <li><input type="checkbox"/> Mjög léttvægt</li> </ul>	<p><b>16. Tilgreinið hversu oft þú sækir skemmtanir foreldrafélagsins ?</b></p> <p><b>jólabingó</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Alltaf</li> <li><input type="checkbox"/> Stundum</li> <li><input type="checkbox"/> Sjaldan</li> <li><input type="checkbox"/> Aldrei</li> </ul> <p>af hverju ekki? _____</p>
<p><b>páskabingó</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Alltaf</li> <li><input type="checkbox"/> Stundum</li> <li><input type="checkbox"/> Sjaldan</li> <li><input type="checkbox"/> Aldrei</li> </ul> <p>af hverju ekki? _____</p>	<p><b>skemmtun sumardagsins fyrsta</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Alltaf</li> <li><input type="checkbox"/> Stundum</li> <li><input type="checkbox"/> Sjaldan</li> <li><input type="checkbox"/> Aldrei</li> </ul> <p>af hverju ekki? _____</p>
<p><b>fræðslufundi / fyrirlestra</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Alltaf</li> <li><input type="checkbox"/> Stundum</li> <li><input type="checkbox"/> Sjaldan</li> <li><input type="checkbox"/> Aldrei</li> </ul> <p>af hverju ekki? _____</p>	<p><b>17. Finnst þér foreldradagur skólans vera mikilvægur/léttvægur ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Mjög mikilvægur</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar mikilvægur</li> <li><input type="checkbox"/> Hvorki né</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar léttvægur</li> <li><input type="checkbox"/> Mjög léttvægur</li> </ul>

**18. Hvaða tími hentar þér best til að sækja skemmtanir hjá nemendum ?  
(Árshátíðir, Litlu jól)**

- Kl. 10:00
- Kl. 14:00
- Kl. 16:00
- Kl. 20:00
- Alveg sama

**19. Ert þú ánægð/ur eða óánægð/ur með fasta viðtalstíma (símatíma) kennara ?**

- Mjög ánægð/ur
- Frekar ánægð/ur
- Bæði og
- Frekar óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur



# Spurningalisti

## foreldrar og forráðamenn

<p><b>1. Ert þú karl eða kona ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Karl</p> <p><input type="checkbox"/> Kona</p>	<p><b>2. Á hvaða árabili ert þú fædd/ur ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> 1940 - 1949</p> <p><input type="checkbox"/> 1950 - 1959</p> <p><input type="checkbox"/> 1960 - 1969</p> <p><input type="checkbox"/> 1970 - 1979</p> <p><input type="checkbox"/> 1980 - 1989</p>
<p><b>3. Hvernig þekkir þú skólastarfið á Laugalandi?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p>	<p><b>4. Hvernig finnst þér heimanámið ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegt</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar lítið</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög lítið</p>
<p><b>5. Ert þú ánægð/ur eða óánægð/ur með upplýsingaflæðið til heimilisins ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög ánægð/ur</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar ánægð/ur</p> <p><input type="checkbox"/> Hvorki né</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar óánægð/ur</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög óánægð/ur</p>	<p><b>6. Gefur Skólalykill skólans fullnægjandi eða ófullnægjandi upplýsingar ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög fullnægjandi</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar fullnægjandi</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar ófullnægjandi</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög ófullnægjandi</p>
<p><b>7. Lest þú mikið/lítið í Skólalykli skólans ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar lítið</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög lítið</p>	<p><b>8. Hvað lest þú í Skólalyklinum af almennum upplýsingum ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Símaskrá nemenda og starfsmanna</p> <p><input type="checkbox"/> Skólareglur skólans</p> <p><input type="checkbox"/> Eineltisáætlun skólans</p> <p><input type="checkbox"/> Upplýsingar um bókasafn, mötuneyti og heilsugæslu</p> <p><input type="checkbox"/> Annað (hvað)</p> <p>_____</p>

<p><b>9. Hversu oft ferð þú inn á heimasíðu Laugalandsskóla ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Daglega</li> <li><input type="checkbox"/> Tvisvar - þrisvar í viku</li> <li><input type="checkbox"/> Vikulega</li> <li><input type="checkbox"/> Tvisvar - þrisvar í mánuði</li> <li><input type="checkbox"/> Mánaðarlega</li> <li><input type="checkbox"/> Sjaldnar</li> <li><input type="checkbox"/> Aldrei</li> </ul> <p>Þeir sem merkja við aldrei í spurningu 9, svari næst spurningu 12.</p>	<p><b>10. Hvernig finnst þér heimasíða Laugalandsskóla ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Mjög góð</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar góð</li> <li><input type="checkbox"/> Hvorki né</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar slæm</li> <li><input type="checkbox"/> Mjög slæm</li> </ul>
<p><b>11. Hvað skoðar þú helst á heimasíðu Laugalandsskóla ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Kennsluáætlanir</li> <li><input type="checkbox"/> Fréttabréf</li> <li><input type="checkbox"/> Skóladagatal</li> <li><input type="checkbox"/> Skólareglur</li> <li><input type="checkbox"/> Myndasíður</li> <li><input type="checkbox"/> Sjálfsmat</li> <li><input type="checkbox"/> Annað hvað: _____</li> </ul>	<p><b>12. Hversu oft ferð þú inn á namfus.is ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Daglega</li> <li><input type="checkbox"/> Tvisvar - þrisvar í viku</li> <li><input type="checkbox"/> Vikulega</li> <li><input type="checkbox"/> Tvisvar - þrisvar í mánuði</li> <li><input type="checkbox"/> Mánaðarlega</li> <li><input type="checkbox"/> Sjaldnar</li> <li><input type="checkbox"/> Aldrei</li> </ul> <p>Þeir sem merkja við aldrei í spurningu 12, svari næst spurningu 14.</p>
<p><b>13. Hvað skoðar þú inn á namfus.is ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Ástundun</li> <li><input type="checkbox"/> Vitnisburð</li> <li><input type="checkbox"/> Heimanám</li> <li><input type="checkbox"/> Póstur</li> <li><input type="checkbox"/> Stundatafla</li> <li><input type="checkbox"/> Annað hvað: _____</li> </ul>	<p><b>14. Lest þú fréttabréfið Stafinn, sem sendur er á hvert heimili, oft/sjaldan ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Mjög oft</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar oft</li> <li><input type="checkbox"/> Bæði og</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar sjaldan</li> <li><input type="checkbox"/> Mjög sjaldan</li> </ul>
<p><b>15. Hvernig nýtast upplýsingar í fréttabréfinu Stafnum ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Mjög oft</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar oft</li> <li><input type="checkbox"/> Veit ekki</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar sjaldan</li> <li><input type="checkbox"/> Mjög sjaldan</li> </ul>	<p><b>16. Er starf skólaráðs mikilvægt eða léttvægt ?</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Mjög mikilvægt</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar mikilvægt</li> <li><input type="checkbox"/> Hvorki né</li> <li><input type="checkbox"/> Frekar léttvægt</li> <li><input type="checkbox"/> Mjög léttvægt</li> </ul>

<p><b>17. Er starf foreldrafélagsins mikilvægt eða léttvægt ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikilvægt  <input type="checkbox"/> Frekar mikilvægt  <input type="checkbox"/> Hvorki né  <input type="checkbox"/> Frekar léttvægt  <input type="checkbox"/> Mjög léttvægt</p>	<p><b>18. Tilgreinið hversu oft þú sækir skemmtanir foreldrafélagsins ?</b></p> <p><b>jólabingó</b></p> <p><input type="checkbox"/> Alltaf  <input type="checkbox"/> Stundum  <input type="checkbox"/> Sjaldan  <input type="checkbox"/> Aldrei</p> <p>af hverju ekki? _____</p>
<p><b>páskabingó</b></p> <p><input type="checkbox"/> Alltaf  <input type="checkbox"/> Stundum  <input type="checkbox"/> Sjaldan  <input type="checkbox"/> Aldrei</p> <p>af hverju ekki? _____</p>	<p><b>skemmtun sumardagsins fyrsta</b></p> <p><input type="checkbox"/> Alltaf  <input type="checkbox"/> Stundum  <input type="checkbox"/> Sjaldan  <input type="checkbox"/> Aldrei</p> <p>af hverju ekki? _____</p>
<p><b>fræðslufundi / fyrirlestra</b></p> <p><input type="checkbox"/> Alltaf  <input type="checkbox"/> Stundum  <input type="checkbox"/> Sjaldan  <input type="checkbox"/> Aldrei</p> <p>af hverju ekki? _____</p> <p>_____</p>	<p><b>19. Finnst þér foreldradagur skólans vera mikilvægur/léttvægur ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikilvægur  <input type="checkbox"/> Frekar mikilvægur  <input type="checkbox"/> Hvorki né  <input type="checkbox"/> Frekar léttvægur  <input type="checkbox"/> Mjög léttvægur</p>
<p><b>20. Hversu oft finnst þér að foreldradagurinn eigi að vera ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> 0 á ári  <input type="checkbox"/> 1 á ári  <input type="checkbox"/> 2 á ári  <input type="checkbox"/> 3 á ári  <input type="checkbox"/> 4 á ári</p>	<p><b>21. Finnst þér mikilvægt/léttvægt að foreldrar taki þátt í jólaföndri nemenda í skólanum ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikilvægt  <input type="checkbox"/> Frekar mikilvægt  <input type="checkbox"/> Hvorki né  <input type="checkbox"/> Frekar léttvægt  <input type="checkbox"/> Mjög léttvægt</p>
<p><b>22. Hvaða tími hentar þér best til að sækja skemmtanir hjá nemendum ? (Árshátíðir, Litlu jól)</b></p> <p><input type="checkbox"/> Kl. 10:00  <input type="checkbox"/> Kl. 14:00  <input type="checkbox"/> Kl. 16:00  <input type="checkbox"/> Kl. 20:00  <input type="checkbox"/> Alveg sama</p>	<p><b>23. Hversu ánægð/ur ert þú með fasta viðtalstíma (símatíma) kennara ?</b></p> <p><input type="checkbox"/> Mjög ánægð/ur  <input type="checkbox"/> Frekar ánægð/ur  <input type="checkbox"/> Bæði og  <input type="checkbox"/> Frekar óánægð/ur  <input type="checkbox"/> Mjög óánægð/ur</p> <p>Hvers vegna? _____</p>

Takk fyrir þátttökuna. ☺



# Tíðnitöflur

## Nefndarmenn

### 1 Ert þú karl eða kona?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Karl	2,0	20,0	22,2	22,2
	Kona	7,0	70,0	77,8	100,0
Auðir / ógildir		1,0	10,0		
Samtals		10,0	100,0		

### 2 Á hvaða árabili ert þú fædd/ur?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	1940-1949	2,0	20,0	22,2	22,2
	1950-1959	6,0	60,0	66,7	88,9
	1960-1969	1,0	10,0	11,1	100,0
Auðir / ógildir		1,0	10,0		
Samtals		10,0	100,0		

### 3 Átt þú barn í skóla ?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Já	5,0	50,0	50,0	50,0
	Nei	5,0	50,0	50,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

### 4 Þekkir þú skólstarfið á Laugalandi vel eða illa?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög vel	5,0	50,0	50,0	50,0
	Frekar vel	3,0	30,0	30,0	80,0
	Hvorki né	2,0	20,0	20,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

### 5 Hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) ert þú með upplýsingflæðið til skólasamfélagsins?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög ánægður	4,0	40,0	40,0	40,0
	Frekar ánægður	6,0	60,0	60,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

### 6 Gefur Skólalýkill skólans fullnægjandi/ófullnægjandi upplýsingar?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög fullnægjandi	5,0	50,0	50,0	50,0
	Frekar fullnægjandi	5,0	50,0	50,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

### 7 Lest þú mikið / lítið í Skólalykli skólans?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikið	2,0	20,0	20,0	20,0
	Frekar mikið	2,0	20,0	20,0	40,0
	Frekar lítið	5,0	50,0	50,0	90,0
	Mjög lítið	1,0	10,0	10,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

### 8. Hvað lest þú í Skólalykli af almennum upplýsingum?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Símaskrá nem. og starfsm.	8,0	30	30	3
	Skólareglur skólans	6,0	20	20	50
	Eineltsáætlun skólans	6,0	20	20	80
	Uppl. um bókas., mötun. + heilsugæslu	6,0	20	20	100
	Annað	0	0	0	
	Samtals	26,0	10	10	

### 9 Hversu oft/sjaldan ferð þú inn á heimasíðu Laugalandsskóla?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Daglega	1,0	10,0	10,0	10,0
	Tvisvar- þrisvar í viku	1,0	10,0	10,0	20,0
	Tvisvar - þrisvar í mánuði	1,0	10,0	10,0	30,0
	Mánaðarlega	3,0	30,0	30,0	60,0
	Sjaldan	4,0	40,0	40,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

### 10 Finnst þér heimasíða Laugalandsskóla góð eða slæm?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög góð	1,0	10,0	10,0	10,0
	Frekar góð	3,0	30,0	30,0	40,0
	Hvorki né	5,0	50,0	50,0	90,0
	Frekar slæm	1,0	10,0	10,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

### 11 Hvað skoðar þú helst á heimasíðu Laugalandsskóla?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Kennsluáætlanir	1,0	10,0	10	10
	Fréttabréfið	5,0	40,0	40	50
	Skóladagatalið	3,0	30,0	30	80
	Skólareglur		00,0	00	80
	Myndasíður	2,0	20,0	20	10
	Sjálfsmat		00,0	00	10
	Annað		00,0	0	0
	Auðir / ógildir	1,0	10,0		
Samtals	12,0	100,0			

**12 Lest þú fréttabréfið Stafinn, sem sendur er á hvert heimili, oft/sjaldan?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög oft	9,0	90,0	90,0	90,0
	Frekar oft	1,0	10,0	10,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

**13 Nýtast upplýsingar í fréttabréfinu Stafnum oft/sjaldan?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög oft	6,0	60,0	60,0	60,0
	Frekar oft	2,0	20,0	20,0	80,0
	Frekar sjaldan	2,0	20,0	20,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

**14 Er starf skólaráðs mikilvægt eða léttvægt?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikilvægur	4,0	40,0	40,0	40,0
	Frekar mikilvægur	5,0	50,0	50,0	90,0
	Hvorki né	1,0	10,0	10,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

**15 Er starf foreldrafélagsins mikilvægt /léttvægt?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikilvægt	7,0	70,0	70,0	70,0
	Frekar mikilvægt	3,0	30,0	30,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

**16 Tilgreinið hversu oft þú sækir skemmtanir foreldrafélagsins****16 a) jólabingó**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Alltaf	3,0	30,0	30,0	30,0
	Stundum	4,0	40,0	40,0	70,0
	Sjaldan	1,0	10,0	10,0	80,0
	Aldrei	2,0	20,0	20,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

**16 b Páskabingó**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Alltaf	2,0	20,0	20,0	20,0
	Stundum	4,0	40,0	40,0	60,0
	Sjaldan	1,0	10,0	10,0	70,0
	Aldrei	3,0	30,0	30,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

16 c) Skemmtun sumardagsins fyrsta?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Alltaf	2,0	20,0	20,0	20,0
	Stundum	3,0	30,0	30,0	50,0
	Sjaldan	2,0	20,0	20,0	70,0
	Aldrei	3,0	30,0	30,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

16 d) Fræðslufundi/fyrirlestra?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Alltaf	1,0	10,0	11,1	11,1
	Stundum	5,0	50,0	55,6	66,7
	Sjaldan	3,0	30,0	33,3	100,0
	Samtals	9,0	90,0	100,0	
Auðir / ógildir		1,0	10,0		
Samtals		10,0	100,0		

17 Finnst þér foreldradagur skólans vera mikilvægur/léttvægur?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikilvægur	10,0	100,0	100,0	100,0

18 Hvaða tími hentar þér best til að sækja skemmtanir hjá nemendum? Ársh. Litlu jól ofl

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	14:00	1,0	10,0	10,0	10,0
	20.00	3,0	30,0	30,0	40,0
	Alveg sama	5,0	50,0	50,0	90,0
	Auðir	1,0	10,0	10,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

19 Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með fasta vitalstíma kennara?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög ánægð/ur	5,0	50,0	50,0	50,0
	Frekar ánægð/ur	3,0	30,0	30,0	80,0
	Hvorki né	2,0	20,0	20,0	100,0
	Samtals	10,0	100,0	100,0	

## Tíðnitöflur Foreldrar

### 1. Ert þú karl eða kona?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Karl	4,0	11,4	11,4	11,4
	Kona	31,0	88,6	88,6	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

### 2. Á hvað árabili ert þú fædd/ur?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	1940-1949	1,0	2,9	2,9	2,9
	1950-1959	20,0	57,1	57,1	60,0
	1960-1969	11,0	31,4	31,4	91,4
	1970-1979	3,0	8,6	8,6	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

### 3. Hvernig þekkir þú skólustarfið á Laugalandi?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög vel	16,0	45,7	45,7	45,7
	Frekar vel	18,0	51,4	51,4	97,1
	Bæði og	1,0	2,9	2,9	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

### 4. Hvernig finnst þér heimanámið?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikið	1,0	2,9	2,9	2,9
	Hæfilegt	29,0	82,9	82,9	85,7
	Frekar lítið	4,0	11,4	11,4	97,1
	Mjög lítið	1,0	2,9	2,9	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

### 5. Hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) ertu þú með upplýsingflæðið til heimilisins?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög ánægður	11,0	31,4	31,4	31,4
	Frekar ánægður	16,0	45,7	45,7	77,1
	Bæði og	6,0	17,1	17,1	94,3
	Mjög óánægður	2,0	5,7	5,7	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

**6. Gefur Skólalýkill skólans fullnægjandi/ófullnægjandi upplýsingar?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög fullnægjandi	17,0	48,6	48,6	48,6
	Frekar fullnægjandi	13,0	37,1	37,1	85,7
	Bæði og	4,0	11,4	11,4	97,1
	Frekar ófullnægjandi	1,0	2,9	2,9	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

**7. Lest þú mikið / lítið í Skólalýkli skólans?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikið	7,0	20,0	20,0	20,0
	Frekar mikið	11,0	31,4	31,4	51,4
	Bæði og	12,0	34,3	34,3	85,7
	Frekar lítið	4,0	11,4	11,4	97,1
	Mjög lítið	1,0	2,9	2,9	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

**8. Hvað lest þú í Skólalýkli af almennum upplýsingum?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Símaskrá nemenda og starfsmanna	30,0	30	30	30,0
	Skólareglur skólans	18,0	20	20	50,0
	Eineltisáætlun skólans	15,0	20	20	70,0
	Uppl. um bókas. mötun. og heilsug.	18,0	20	20	90,0
	Annað/allt	5,0	10	10	100,0
	Samtals	86,0	100,0	100,0	

**9. Hversu oft/sjaldan ferð þú inn á heimasíðu Laugalandsskóla?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Daglega	2,0	5,7	5,7	5,7
	Tvisvar- þrisvar í viku	1,0	2,9	2,9	8,6
	Vikulega	6,0	17,1	17,1	25,7
	Tvisvar - þrisvar í mánuði	9,0	25,7	25,7	51,4
	Mánaðarlega	7,0	20,0	20,0	71,4
	Sjaldan	7,0	20,0	20,0	91,4
	Aldrei	3,0	8,6	8,6	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

**10. Finnst þér heimasíða Laugalandsskóla góð eða slæm?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög góð	7,0	20,0	21,2	21,2
	Frekar góð	11,0	31,4	33,3	54,5
	Hvorki né	11,0	31,4	33,3	87,9
	Frekar slæm	4,0	11,4	12,1	100,0
	Samtals	33,0	94,3	100,0	
	Auðir / ógildir	2,0	5,7		
Samtals	35,0	100,0			

### 11. Hvað skoðar þú helst á heimasíðu Laugalandsskóla?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Kennsluáætlanir	11,0	27,0	28,0	28,0
	Fréttabréfið	8,0	19,5	20,5	48,5
	Skóladagatalið	10,0	24,0	25,5	74,0
	Myndasíður	2,0	5,0	5,0	79,0
	Sjálfsmat	7,0	17,0	18,0	97,0
	Annað	1,0	2,5	3,0	100,0
	Samtals	39,0	95,0	100,0	
Auðir / ógildir		2,0	5,0		
Samtals		41,0	100,0		

### 12. Hversu oft/sjaldan ferð þú inn á námfús?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Daglega	2,0	5,7	5,7	5,7
	Tvisvar - þrisvar í viku	1,0	2,9	2,9	8,6
	Vikulega	2,0	5,7	5,7	14,3
	Tvisvar - þrisvar í mánuði	3,0	8,6	8,6	22,9
	Mánaðarlega	5,0	14,3	14,3	37,1
	Sjaldnar	7,0	20,0	20,0	57,1
	Aldrei	15,0	42,9	42,9	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

### 13. Hvað skoðar þú inn á namfus.is?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Ástundun	6,0	15,0	15,0	15,0
	Vitnisburð	7,0	18,0	18,0	33,0
	Heimanám	6,0	15,0	15,0	48,0
	Póstur	12,0	31,0	31,0	79,0
	Stundartafla	7,0	18,0	18,0	97,0
	Annað	1,0	3,0	3,0	100,0
	Samtals	39,0	100,0	100,0	

### 14. Lest þú fréttarbréfið stafinn sem sendur er á hvert heimili, oft/sjaldan?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög oft	26,0	74,3	74,3	74,3
	Frekar oft	5,0	14,3	14,3	88,6
	Bæði og	1,0	2,9	2,9	91,4
	Frekar sjaldan	2,0	5,7	5,7	97,1
	Mjög sjaldan	1,0	2,9	2,9	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

### 15. Hvernig nýtast upplýsingar í fréttarbréfinu Stafnum?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög vel	21,0	60,0	60,0	60,0
	Frekar vel	8,0	22,9	22,9	82,9
	Veit ekki	1,0	2,9	2,9	85,7
	Frekar illa	2,0	5,7	5,7	91,4
	Mjög illa	3,0	8,6	8,6	100,0
Samtals		35,0	100,0	100,0	

### 16. Er starf skólaráðs mikilvægt eða léttvægt?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikilvægt	17,0	48,6	48,6	48,6
	Frekar mikilvægt	13,0	37,1	37,1	85,7
	Hvorki né	5,0	14,3	14,3	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

### 17. Er starf foreldrafélagsins mikilvægt eða léttvægt?

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikilvægt	18,0	51,4		
	Frekar mikilvægt	13,0	37,1	37,1	88,6
	Hvorki né	3,0	8,6	8,6	97,1
	Frekar léttvægt	1,0	2,9	2,9	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

### 18 Tilgreinið hversu oft/sjaldan þú sækir skemmtanir foreldrafélagsins

#### 18 a) Jólabingó

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Alltaf	23,0	65,7	65,7	65,7
	Stundum	5,0	14,3	14,3	80,0
	Sjaldan	5,0	14,3	14,3	94,3
	Aldrei	2,0	5,7	5,7	100,0
	Samtals	35,0	100,0	100,0	

#### 18 b) Páskabingó

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Alltaf	20,0	57,1	60,6	60,6
	Stundum	7,0	20,0	21,2	81,8
	Sjaldan	3,0	8,6	9,1	90,9
	Aldrei	3,0	8,6	9,1	100,0
	Samtals	33,0	94,3	100,0	
Auðir / ógildir		2,0	5,7		
Samtals		35,0	100,0		



**18 c) Skemmtun sumardagsins fyrsta**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Alltaf	13,0	37,1	39,4	39,4
	Stundum	11,0	31,4	33,3	72,7
	Sjaldan	3,0	8,6	9,1	81,8
	Aldrei	6,0	17,1	18,2	100,0
	Samtals	33,0	94,3	100,0	
Auðir / ógildir		2,0	5,7		
Samtals		35,0	100,0		

**18 d) Fræðslufund / fyrirlestara**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Alltaf	6,0	17,1	18,2	18,2
	Stundum	15,0	42,9	45,5	63,6
	Sjaldan	9,0	25,7	27,3	90,9
	Aldrei	3,0	8,6	9,1	100,0
	Samtals	33,0	94,3	100,0	
Auðir / ógildir		2,0	5,7		
Samtals		35,0	100,0		

**19. Finnst þér foreldradagur skólans vera mikilvægur/ léttvægur?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikilvægur	22,0	62,9	66,7	66,7
	Frekar mikilvægur	10,0	28,6	30,3	97,0
	Hvorki né	1,0	2,9	3,0	100,0
	Samtals	33,0	94,3	100,0	
Auðir / ógildir		2,0	5,7		
Samtals		35,0	100,0		

**20. Hversu oft finnst þér að foreldradagurinn eigi að vera?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	1 á ári	3,0	8,6	9,4	9,4
	2 á ári	26,0	74,3	81,3	90,6
	3 á ári	2,0	5,7	6,3	96,9
	4 á ári	1,0	2,9	3,1	100,0
	Samtals	32,0	91,4	100,0	
Auðir / ógildir		3,0	8,6		
Samtals		35,0	100,0		

**21. Finnst þér mikilvægt/léttvægt að foreldrar taki þátt í jólaföndri nemenda í skólanum?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög mikilvægt	11,0	31,4	33,3	33,3
	Frekar mikilvægt	11,0	31,4	33,3	66,7
	Hvorki né	7,0	20,0	21,2	87,9
	Frekar léttvægt	2,0	5,7	6,1	93,9
	Mjög léttvægt	2,0	5,7	6,1	100,0
	Samtals	33,0	94,3	100,0	
Auðir / ógildir		2,0	5,7		
Samtals		35,0	100,0		

**22. Hvað tími hentar þér best til að sækja skemmtanir hjá nemendum?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Kl. 10:00	1,0	2,9	3,0	3,0
	Kl. 14:00	4,0	11,4	12,1	15,2
	Kl. 16:00	7,0	20,0	21,2	36,4
	Kl. 20:00	13,0	37,1	39,4	75,8
	Alveg sama	8,0	22,9	24,2	100,0
	Samtals	33,0	94,3	100,0	
Auðir / ógildir		2,0	5,7		
Samtals		35,0	100,0		

**23. Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ert þú með fasta símatíma kennara?**

Gildi		Tíðni	Prósenta	Gild %	Vaxandi %
Valmöguleikar	Mjög ánægð/ur	17,0	48,6	51,5	51,5
	Frekar ánægð/ur	8,0	22,9	24,2	75,8
	Bæði og	8,0	22,9	24,2	100,0
	Samtals	33,0	94,3	100,0	
Auðir / ógildir		2,0	5,7		
Samtals		35,0	100,0		